

# Með ánægjulegustu störfum sem ég hef unnið.

## Rætt við séra Jón M Guðjónsson um heiðursveitingar Sjómannadagsráðs og fleira.

Í 15 ár hafa heiðursveitingar Sjómannadagsráðs á Akranesi farið fram í kirkjunni að lokinni sjómannamessu og mun Akranes vera eini staðurinn á landinu, þar sem heiðursveitingar á Sjómannadag fara fram í kirkju. Hefur þetta þótt setja mun hátíðlegri blæ á heiðursveitinguna en áður. Það var fyrir orð séra Jóns M Guðjónssonar fyrrum sóknarprests á Akranesi að þessi athöfn var færð úr Bíóhöllinni uppí kirkju og þar annaðist hann veitinguna meðan hann þjónaði Akranesprestakalli, en eftir það hefur séra Björn Jónsson annast veitinguna. Við ræddum um þetta mál ofl við séra Jón og spurðum hann fyrst hvernig á því stóð að athöfnin var færð í kirkjuna.

Það var fyrir mín orð gert, áður hafði heiðursveitingin farið fram í Bíóhöllinni og Hallfreður Guðmundsson, formaður Sjómannadagsráðs annaðist hana til að byrja með. Svo fékk hann mig til að framkvæma þetta verk og ég gerði það í ein 2-3 ár í Bíóhöllinni, en það svo um að fá að gera þetta að lokinni messu á Sjómannadag og var það samþykkt. Ég tel að síðan þetta var gert, hafi heiðursveitingin verið hápunktur sjómannamessunnar. Fyrst lét ég syngja sjómannasálminn“ Líknargjafi þjáðra þjóða“ eftir Jón Magnússon skáld, en síðan eru þeir sem heiðra á, kallaðir uppí kór, vanalega eru það einn til þrír menn sem heiðraðir eru. Ég get sagt það eins og er, að þetta verk er með þeim ánægjulegustu störfum sem ég hef unnið. Menn eru ákaflega glaðir þegar þeir taka við þessum heiðri og í alla staði er þetta ánægjuleg og hátíðleg stund. Ég hef lagt þetta að ýmsu leyti saman við fermingu, sem ég hef alla tíð talið eitthvert ánægjulegasta prestverkið.

Mér er sagt að þú hafir verið fenginn um borð í ný skip hér á Akranesi til þess að fara með bæn eða falleg orð. Heldur þú að sjómenn séu yfirleitt miklir trúmenn? Já ég veit að þeir eru það og sjálfsgagt helgast það af því að þeir eru öllum stundum í návist hættunnar. Það kemur oft fyrir að ég er beðinn um að fara fyrstur um borð í nýjan bát og blessa hann og skipshöfnina. Þetta hefur mér þótt ákaflega ánægjulegt og ljúft að vinna þetta verk.

Heldur þú að sjómenn fari ennþá með bænir áður en lagt er úr höfn? Ekki með sama hætti og var hér fyrrum þegar menn sameinuðust í bæn áður en lagt var úr vör. Ég hef spurt sjómenn að þessu og mjög margir hafa sagt mér að þeir fari með bæn einir og sér áður en lagt er á hafið. Eins eru þeir margir sem taka guðsorðabækur með sér á sjóinn. Manstu til þess að eitthvað af þeim skipum sem þú hefur blessað hafi farist? Nei ég veit ekki til þess að neitt þeirra hafi farist.

Séra Jón M Guðjónsson var um margra ára skeið ötull baráttumaður í slysavarnarmálum. Á árunum uppúr 1930 fór hann víða um land ásamt Jóni Bergsveinnsyni og stofnaði slysavarnardeildir, og Jón Bergsveinsson stofnaði tvær fyrstu slysavarnardeildirnar á landinu. Eftir að séra Jón var kjörinn prestur á Akranesi 1946 vann hann þar að þessu hugðarefni sínu, þannig að séra Jón hefur verið tengdur sjómönnum sterkum böndum alla tíð. En auk þessa og hins vegar að vera einstaklega ástsæll sóknarprestur hjá Akurnesingum í 30 ár, hefur séra Jón unnið þrekvirki á Akranesi, sem Akurnesingar

munu standa í þakkarskuld við hann fyrir um aldur og ævi, en þar er átt við hið stórmerkilega Byggðasafn Akraness. Það safn er verk séra Jóns, þótt fleiri hafi komið til eftir að safnið var komið upp. Og Akurnesingar hafa líka kunnað að meta þetta merkilega framtak séra Jóns, því að þegar hann hætti prestskap á Akranesi, byggðu Akurnesingar hús handa þeim hjónum, svo þeir mættu njóta starfskrafta hans áfram við safnið, sem þá var komið í nýtt og glæsilegt hús og enn sér séra Jón um byggðsafnið af sömu elju og sama krafti og áður. Með honum í safninu vinnur þúsundþjalasmiðurinn Runólfur Ólafsson. Við ræddum aðeins um safnið við séra Jón, en þar er afar merkileg sjóminjadeild.

Þótt þetta nýja safnahús sé komið upp, er það ekki nema hluti af safnahúsinu eins og fyrirhugað er að það verði. Og sá hlutur þess sem er komin er þegar orðinn alltof lítill. Okkur berast sífellt nýir munir og við eigum mjög mikið af munum sem við verðum að koma fyrir í geymslu og getum ekki sýnt. Og sannleikurinn er sá að okkur berst svo mikið að af allskonar munum að við erum að lenda í vandræðum með að koma þeim í geymslu. Sjóminjadeildin er stærsta deild safnsins og er það ekki nema eðlilegt í sjómanna bæ eins og Akranes er og hefur verið. Að mínu mati er báturinn hans Jóns í Bræðraparti, 4ra manna bátur far sem byggt var 1868, einn merkilegasti gripurinn í safninu. Faðir Jóns lét byggja þennan bát og reri á honum alla sína tíð. Jón tók svo við honum og reri á bátnum sem var hin mesta happafleyta. Hann stendur nú til sýnis í sjóminjadeildinni og er þar með öllum útbúnaði eins og hann var, meðan róið var á honum hér fyrrum. Báturinn er með hinu svonefnda Engeyjarlagi sem var vel þekkt lag hér syðra á síðustu öld.

Þá eigum við ýmsa merkilega smáhluti sem of langt nál yrði að telja upp. Þó get ég nefnt skaklóð af kútturum og báruflæg, sem er stórmerkilegt tæki, sem notað var hér til að draga úr brotum hér fyrrum og má telja eitt fyrsta slysavarnartæki sem Íslendingar tóku í notkun. Þetta er belgur, sem fylltur var með lýsi og hafður í bátnum. Síðan var lýsið látið renna út þegar brotin voru kröpp til að draga úr þeim. Síðar notuðu menn olíu, til hins sama þegar mótorbátarnir komu til sögunnar. Þennan báruflæg fann upp Oddur Gíslason, prestur í Grindavík, sem kalla má föður slysavarna á sjó hér á landi. Hann var auk prestskaparins sjómaður góður og ferðaðist vítt um verstöðvar landsins og útskýrði fyrir sjómönnum hugmyndir sínar um slysavarnir á sjó. Einnig fór hann utan til að kynna sér slysavarnir og kom heim fullur af hugmyndum, sem hann reyndi að útbreiða meðal sjómanna. Hann var t.d. fyrstur til að gufubræða lifur setti upp lifrabræðslu í Höfnum og kenndi Íslendingum þessa kúnst, sem gerði lýsið margfalt betra en þegar það var brætt með gömlu aðferðinni.

Marga fleiri hluti mætti nefna í sjóminjadeildinni, en eins og ég sagði áðan yrði það of langt mál upp að telja. Nú í öðrum deildum safnsins eru afar merkilegir hlutir og marga góða eigum við úr eigu merkra Akurnesinga hluti sem eru ómetanlegir fyrir Byggðasafn Akraness.

Veistu nokkuð um framhald húsbygginga safnsins? Nei ég veit ekki hvenær byrjað verður á þeim hluta þess sem óbyggður er, en það er alveg ljóst að húsnæðisskortur er farinn að há safninu mjög mikið og ástandið versnar með hveju árinu vegna þess að svo mikið berst af merkilegum munum, sem við neyðumst til að setja niður í kassa og koma fyrir í geymslu. Ég vona bara að það rætist sem fyrst úr þessu.

S.dór.